

um frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frv. Legg ég til, að því verði vísað frá með þeim rökstuðningi, er hér fer á eftir:

Það þarf að gera vissar efnahagsaðgerðir í þjóðfélaginu til þess að tryggja góð líf skjör og til þess að geta bætt þau. Það er nauðsynlegt, að mönnum sé ljóst, hvað það er, sem er undirstaða efnahagslífs vors, og hvað gera þurfi til þess að tryggja hana og efla.

Undirstaða atvinnulífsins eru þau atvinnutæki, sem afkasta mestu fyrir þjóðar- búið í hlutfalli við vinnuafli og fjármagn, sem til þeirra fer, og — með tilliti til þess, hvílik undirstaða útflutningurinn er fyrir allt þjóðarbúið — þau atvinnutæki, sem framleiða afurðir, sem skapa mestan erlendan gjaldeyri og öruggastir og beztir markaðir eru fyrir.

Það er engum efa bundið, að sú atvinnugrein Íslendinga, er bezt uppfyllir þessi skilyrði, er sjávarútvegurinn. Kemur þar allt til, að vegna auðugra fiski- miða vorra, góðra tækja og dugandi sjómanna eru afköstin á hvern sjómann slík, að langt fer fram úr því, sem annars þekktist í veröldinni. Aflinn á hvern íslenzkan sjómann er reiknaður 70 smálestir af fiski á ári, en næsthæsti afli á sjómann í heimi (sá norški) mun vera almennt reiknaður 10 smálestir. — Við þetta bætist svo, að á sama tíma sem ýmsar nágrannaþjóðir vorar í auðvaldsheiminum eiga í markaðs- vandráðum og búa við kreppur og vaxandi atvinnuleysi, höfum vér Íslendingar næga markaði fyrir fisk vörn. Er það ekki hvað sízt því að þakka, að náðst hafa miklir og góðir viðskiptasamningar við kreppulaus lönd sósíalísmans og þá fyrst og fremst Sovétríkin, sem kaupa nú af okkur 25—32 þúsund smálestir freðfisks á ári eða álíka mikið og öll freðfiskframleiðsla Íslands var 1952.

Það liggur því í augum uppi, að þjóðingarmesta efnahagsaðgerð í íslenzku at- vinnulífi er að stórauका togara- og bátaflotann og tryggja stöðugan rekstur hans.

Til þess að geta gert slíkt þarf að sjá um hvort tveggja: að fjárfestingu þjóðar- innar í nýjum atvinnutækjum sé fyrst og fremst einbeitt að sjávarútveginum, meðan hann enn er og verður í nánustu framtíð að vera höfuðundirstaða gjaldeyrisöflunar þjóðarbúsins, og að gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar sé alveg sérstaklega miðuð við að tryggja rekstur sjávarútvegsins og slíkt sé látið sitja í fyrirrúmi næst nauðsynjum almennings.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að þessi frumskilyrði þess, að íslenzkur þjóðarbúskapur geti staðið undir góðum líf skjörum og bætt þau, verða ekki uppfyllt með því stjórnleysi á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, sem verið hefur undan- farinn áratug.

Á árunum 1949—56 var ekki gerð ráðstöfun til að bæta einum einasta nýjum togara við flota landsmanna, en á sama tíma voru keyptir inn 5000 bílar, og átti auðvitað sjávarútvegurinn að standa undir gjaldeyrisöflun til þeirra svo og vinna fyrir benzíni, varahlutum og öðru, er bílar þarfnast í útlendum gjaldeyri. Þetta er eitt áþreifanlegasta og þekktasta dæmi um óreiðuna, sem verður í þjóðfélaginu, þegar engin hugsun er um þarfir þjóðarinnar í heild.

En það er einnig fróðlegt að taka dæmi um heildarfjárfestingu í landbúnaði til samanburðar við sjávarútveg síðustu árin:

Heildarfjármunamyndun í þessum tveim höfuðatvinnugreinum vorum var þessi í milljónum króna:

	1954	1955	1956	1957
Í landbúnaði	175.9	194.1	229.1	214.1
Í sjávarútvegi	60.0	91.8	140.7	147.3

Samtals var heildarfjárfesting í landbúnaði 814 millj. kr. þessi 4 ár, en í sjávar- útvegi 440 millj. kr.

Nú háttar svo til um landbúnaðinn, að það er offramleiðsla af landbúnaðar- vörum og ekki hægt að selja þær út úr landinu fyrir hlutfallslega eins gott verð og fiskafurðirnar. Jafnvel mun það vera svo t. d. um ost þann, sem út er fluttur, að talið er láta nærri, að 40 aurar fáiast fyrir mjólkurlítrann í honum, en ca. 70 aura þurfi aðeins í erlendum gjaldeyri til þess að framleiða hvern mjólkurlítra. Afleið- ingin af þessu er tap fyrir þjóðarbúið í heild og sérstaklega fyrir bændur, sem erfiða við framleiðslu á vöru, sem máské er síðan send þeim sjálfum aftur óseld að lokum.

Það liggur því í augum uppi, hve misráðið það er að setja yfir 800 millj. kr.

af tekjum þjóðarbúsins í fjárfestingu í landbúnaðinum, þar sem offramleiðsla íþyngir bændum og þjóðarþúinu, en setja á sama tíma aðeins 440 millj. kr. í fjárfestingu í sjávarútveginum, þar sem gjaldeyrisskortur ríkir hjá þjóðinni og allur fiskur, sem hægt er að framleiða, þýðir gjaldeyri. — Og þó má ekki gleyma því, að á árunum 1954 og 1955 var fjárfestingin í sjávarútvegi til samans aðeins 152 millj. kr., en 1957 147.3 millj. kr. Þetta hafði þó miðað í rétta átt.

En þessi dæmi sýna, að eigi að tryggja hagsmuni þjóðarheildarinnar, aukna gjaldeyrisframleiðslu og í því skyni rétta hagnýtingu á því fé, sem þjóðin hefur efni á að festa í framleiðslutækjum, þá verður að vera heildarstjórn á þjóðarbúskapnum. Og sú stjórn verður með samræmdri löggjöf og fjármálaráðstöfunum að beina fjármunum þjóðarinnar fyrst og fremst að eflingu sjávarútvegsins og þá ekki sízt að togarakaupum.

Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið tekin erlend lán að upphæð 300—400 millj. kr., en ekkert af því farið til togarakaupa. Hins vegar hefur ekki fengizt samkomulag um að nota aðra lánsmöguleika erlendis til kaupa á 15 togurum.

Allt sýnir þetta, að það, sem fyrst og fremst vantar hér á landi nú, er heildarstjórn á þjóðarbúskapnum með hag almennings fyrir augum. Og slík heildarstjórn þyrfti fyrst og fremst að miðast við að stjórna allri fjárfestingu þjóðarinnar rétt, þannig að hún beinist þangað, sem þjóðarheildinni er mest þörf á. Og það er, eins og liggur í augum uppi, hvað atvinnutækin snertir fyrst og fremst að sjávarútveginum. Af þjóðartekjum vorum, sem á árinu 1957 eru áætlaðar 4500 millj. kr., fóru líklega 1445 millj. kr. í fjárfestingu. Það skiptir því engu smáræði fyrir þjóðarþúinu, hvert þetta mikla fjármagn fer og hvort það kemur heildinni og þar með einstaklingunum að gagni eða er fest í hlutum, sem þjóðarþúinu verða máské einskis nýtir og þess vegna líka einstaklingnum, sem lagt hefur máské mikið að sér við fjárfestingu, skömmu síðar ofviða og máské gagnslausir.

Það verður því að koma á heildarstjórn á íslenskum þjóðarbúskap með hag þjóðarheildarinnar fyrir augum. Slíkt er aðeins hægt með því að semja heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil. Og þessar áætlanir þurfa að vera hnitmiðaðar við þarfir og getu þjóðarinnar, byggðar á nákvæmum rannsóknum á atvinnulífinu, afkastamöguleikum þess, markaðsskilyrðum framleiðslunnar o. s. frv.

Allt frá því 1934, að ríkið tók að skipta sér af viðskipta- og atvinnulífinu fyrir alvöru, hefur það háð íslensku atvinnulífi, að slík heildarstjórn á atvinnulífinu — framsýn, stórhuga og raunsæ — hefur ekki verið til. Það hefur hins vegar öll þessi 25 ár verið krafa verkalýðshreyfingarinnar að skapa hana.

Það er fyrsti og stærsti galli þeirra „efnahagsaðgerða“, sem ríkisstjórnin leggur til, að það vantar öll ákvæði um að taka upp slíkt heildarskipulag á íslenskum þjóðarbúskap og framfylgja því höfuðskilyrði, sem bætt lífskjör á Íslandi byggjast á: eflingu sjávarútvegsins.

Meðan ekki er tekin upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum í almenningsþágu, fyrst og fremst í þessu skyni, — tekin upp skapandi, jákvæð stefna í efnahagsmálunum, — verða hinar svokölluðu „efnahagsráðstafanir“ í höfuðatriðum vandræðafálm, þar sem verið er að afskrifa ýmist með gengislækkunum eða hliðstæðum ráðstöfunum afleiðingar ýmist af kyrrstöðutímabili, eins og 1949—56, eða af rangri, skipulagslausri fjárfestingu. Og þegar verr lætur, verða svo slíkar „ráðstafanir“ beinlínis árás á lífskjör almennings, til þess að velta yfir á alþýðu manna með launalækkunum og atvinnuleysi afleiðingunum af pólitík valdhafanna, eins og gert var t. d. með gengislækkun Íhalds og Framsóknar 1950.

Þær „efnahagsráðstafanir“, sem felast í þessu frumvarpi, eru engin lausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar. Hvorki í þeim sjálfum né samtímis þeim eru gerðar þær ráðstafanir, sem íslenskur þjóðarbúskapur fyrst og fremst þarfnast til að tryggja lífskjör þjóðarinnar og leggja grundvöll að því að bæta þau.

Hvað þá hlið þessara mála snertir, er að tekjuöflun snýr, þá er með þessu frv.

farið langt burt frá því að ráða fram úr þeim vandamálum, sem lágu fyrir um nýár: að afla um 65—90 millj. kr. í ríkissjóð og 25—40 millj. kr. í útflutningssjóð. Slík tekjuöflun var auðveld án almennra áлага á allar vörur og almennrar verðgildisrýrnunar á peningum. Aðeins gjaldeyrisráðstafanir einar gátu farið langt með að tryggja það fé, er þurfti. Minna má á, að ef t. d. 30 millj. kr. af þeim gjaldeyri, sem nú er notaður til að kaupa fóðurbæti í Ameríku, væru notaðar til innkaupa á hátollavörum, þá gæfi það eitt 70 millj. kr. í ríkissjóð.

Vissulega hefði verið heppilegast fyrir þjóðarbúið að taka t. d. þriðjung innflutningsverzlunarinnar í ríkisrekstur, t. d. oliu, bifreiðar, vélar og varahluti. Með því hefði tvennt unnizt: nokkurt fjármagn verið knúið út úr heildverzluninni og í framleiðsluna og ríkinu og útflutningssjóði sumpart verið veittir heppilegir tekjustofnar, en sumpart hefði gróði, sem nú rennur til einstaklinga eða er eytt í vitlausu fjárfestingu (sbr. t. d. ofbyggingu benzíngeymanna), verið notaður í almenningsþágu.

Það er rétt, að alþýða manna geri sér það ljóst, að til þess að halda þeim lífskjörum, sem nú eru hér á landi, og bæta þau þarf meir og meir að grípa til ráðstafana, sem eru í anda sósíalismsans.

Það er ekki nóg með, að það ræður úrslitum í atvinnulífi Íslendinga um, að atvinnuleysishölinu er bægt frá oss, að tekizt hefur að afla svo stórfelldra markaða sem raun er á í löndum sósíalismsans, þar sem kreppa og atvinnuleysi er ekki til, heldur er hitt og orðið nauðsyn til að tryggja og bæta lífskjör alþýðu: að taka upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum með hag almennings fyrir augum og koma á nokkrum ríkisrekstri um heildverzlun á innflutningnum til þess að beina einkafjármagni því, sem sækir of mikið í heildverzlunina, til framleiðslunnar, þar sem það gerir mest gagn.

Ráðstafanir þær, sem í þessu frv. felast, hafa þær afleiðingar, að verðgildi peninga rýrnar og um leið trú manna á gildi þess að spara fé. Þessar ráðstafanir verða því til að ýta undir ýmiss konar fljótræðiskennda „fjárfestingu“ einstaklinga í öllu mögulegu til þess að „bjarga“ fé sínu.

Af þessum ráðstöfunum leiðir verðhækkningar á flestum sviðum, og með þeim er því brotið í bág við þá verðstöðvunarstefnu, sem verkalyðshreyfingin hafði fylkt sér um og fagnað, er ríkisstjórnin var mynduð.

Alþýðubandalagið og ráðherrar þess höfðu barizt fyrir þessari verðstöðvunarstefnu, meðan mátti.

Það, sem hefur brotið hana niður, er gegndarlaus áróður annars vegar hinna stjórnarflokkanna og svo hins vegar Sjálfstæðisflokksins fyrir nauðsyn gengislækkunar. Jafnvel einnig þeir menn í höfuðbönkum landsins, sem frekast hefðu átt að skoða það sem verkefni sitt að vernda gengi krónunnar, hafa látlaust grafið undan möguleikanum til þess að viðhalda verðstöðvunarstefnunni, sumpart með áróðri fyrir gengislækkun, sumpart með rangri fjárfestingar- og útlánapolítík.

Það er að vísu vitað mál, að hefðu allir þessir aðilar fengið að ráða, þá stæði þjóðin nú ekki frammi fyrir þessu frv., sem gerir þó ráð fyrir 5% launahækkun til að taka sárasta broddinn úr verðhækkuninum og bæta þær upp fyrstu mánuðina, heldur væri þá hér á ferðinni frv. um gengislækkun, er hækkaði erlent gengi yfir 100% og lögskipaði kaupbindingu, er þýddi a. m. k. 17% launalækkun.

En það er þjóð vorri og sízt alþýðu Íslands ekki nóg, að gert sé það, sem er skárri en hið versta.

Alþýða Íslands hefur nú möguleika meiri en alþýðustéttir nágrannalandanna til þess að tryggja lífskjör sín og bæta þau, meðan kreppa herjar í kringum okkur. Og alþýðan vill, að þeir möguleikar séu notaðir: framleiðslan og útflutningurinn aukin með stórstigri öflun nýrra framleiðslutækja og rétt fjárfesting tryggð með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

Þess vegna samþykkti Alþýðusamband Íslands á 25. þingi sínu svo hljóðandi ákvörðun einróma:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.

2. Tekin verði stór lán erlendis, enda fáist þau án óeðlilegra skilmála með hagstæðum vaxtakjörum til langs tíma og helzt með tryggingu fyrir, að hægt verði að greiða þau í íslenskum afurðum. Þess sé vandlega gætt, að slíkum lánum verði fyrst og fremst varið þannig, að þau verði til að auka hagnýta framleiðslu þjóðarinnar og þó einkum gjaldeyrisframleiðslu hennar.“

Ög þess vegna lýsti 25. þing Alþýðusambands Íslands því líka yfir, að það væri „algert lágmarksskilyrði verkalýðshreyfingarinnar, að ekkert verði gert, er hafi í för með sér skerðingu á kaupmætti vinnulaunanna, og að ekki komi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar verði mætt með nýjum álögum á alþýðuna, svo sem með gengislækkun eða hliðstæðum ráðstöfunum“.

Það er greinilegt, að ráðstafanir þær, sem í þessu frv. felast, mundu, ef að lögum yrðu, á mörgum sviðum hafa áhrif hliðstæð gengislækkun. Afstaða verkalýðshreyfingarinnar, einkum í Reykjavík, gagnvart slíkum ráðstöfunum er því ljós. Forustumenn verkalýðsfélaganna í Reykjavík mörkuðu afstöðu sína með því að bera fram svo hljóðandi tillögu á fundi efnahagsmálanefndar og miðstjórnar Alþýðusambandsins nýlega:

„Efnahagsmálanefnd og miðstjórn A. S. Í. hafa á fundum sínum að undanförunu kynnt sér og rætt tillögur þær í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin nú hyggst leggja fyrir Alþingi. Áður hafði sérstaklega verið rætt við stjórn A. S. Í. um það atriði tillagnanna, er varðar 5% grunnkaupshækkunina. Að loknum þessum athugunum álykta efnahagsmálanefndin og miðstjórnin eftirfarandi:

25. þing A. S. Í. lýsti því yfir, að gengislækkun eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir kæmu ekki til mála sem úrlausn efnahagsmálanna. Þær ráðstafanir, sem nú er hugsað að gera, hafa á ýmsan hátt hliðstæð áhrif og gengislækkun. Hins vegar virðist tryggt, að þær hafi ekki í för með sér almenna skerðingu á kaupmætti vinnulauna næstu mánuði.

Greinilegt er, að þessar ráðstafanir í efnahagsmálunum munu leiða til frekari verðbólguþróunar og eru því fráhrarfrá þeirri stefnu, er 25. þing A. S. Í. fagnaði og lýsti fylgi sínu við og efnahagsmálanefnd og miðstjórn A. S. Í. síðan hafa ítrekað, þ. e. að stöðva verðþensluna. Ráðstafanirnar brjóta því í hága við þá stöðvunarstefnu, er verkalýðssamtökin og ríkisstjórnin þá tóku höndum saman um.

Efnahagsmálanefnd og miðstjórn A. S. Í. vísa því frá sér þeim tillögum um ráðstafanir í efnahagsmálunum, er nú liggja fyrir, þar sem þær eru ekki í samræmi við það, er síðasta Alþýðusambandsþing heimilaði þessum aðilum að semja um.“

Þá er það og greinilegt, að ráðstafanir þessar mundu hækka allan byggingarkostnað og gera þannig íbúðarhús dýrari. Hins vegar eru ekki samtímis gerðar ráðstafanir til þess að tryggja áfram fjármagn til íbúðarhúsabygginga, a. m. k. jafnmikið og síðasta ár, né heldur gerðar ráðstafanir til þess að lækka vexti af lánum til íbúðarhúsa til þess að vinna þannig gegn hinni háu húsaleigu. Þó hafa verið möguleikar á að fá lán með 2½% vöxtum til slíks, en ekki fengist notaðir.

Þá hefur það og úrslitagildi fyrir sjávarútveginn og aðrar atvinnugreinar, sem efla þarf, hvort gerðar yrðu ráðstafanir af hálfu seðlabankans til aukningar á rekstrarlánnum til sjávarútvegsins og slíkra atvinnugreina í réttu hlutfalli við verðhækkun á rekstrarvörum og öðrum útgjöldum. Fjárhagsnefndir beggja deilda áttu tal við stjórn seðlabankans, en fjarri fór því, að nokkur vissa fengist fyrir því, að slík hlutfallsleg aukning mundi eiga sér stað. Hins vegar kom það ótvírætt fram af hálfu Landssambands isl. útvegsmanna, að hætta væri á, að vélbátaútvegurinn stöðvaðist, ef slík rekstrarfjárukning ætti sér ekki stað. — Það er því veruleg hætta

á, verði ekki betur samræmd stjórnin á lánsfjármálunum og atvinnumálum þjóðarinnar en hingað til, að ráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin ætlast til að efli atvinnulífið, verði til að draga úr því og skapa kreppu, af því að meiri hluti stjórnar seðlabankans geri annað en það, sem nauðsynlegt er til að tryggja eflingu sjávarútvegsins. — Er þetta enn eitt dæmi um, hve óhjákvæmileg heildarstjórn á þjóðarbúskap Íslendinga er orðin.

Ég hef hér fyrst og fremst rætt um frv. þetta í sambandi við efnahagslíf þjóðarinnar og ráðstafanir til að efla það og bæta, sökum þess að ég álit það aðalatriðið. Um einstakar greinar þess mun rætt í framsögu, og þyki sýnt, að frv. nái fram að ganga, mun ég flytja brtt. við einstakar greinar þess.

Með tilliti til þeirra röksemda, sem ég hér hef sett fram, er það tillaga mín, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi hið bráðasta fyrir þingið frv. til laga um heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, er tryggi eflingu atvinnulífsins samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum, — og leggi fram tekjuöflunartillögur, er geri ráð fyrir að halda verðstöðvunarstefnunni, eftir því sem unnt er, og valdi sem minnstri almennri verðhækkun, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. maí 1958.

Einar Olgeirsson.